

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/695
komudagur 4.12.2007



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. des. 2007

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum nr. 88/2005

Við þökkum mótttekið bréf efnahags- og skattanefndar Alþingis dags. 22. nóv. sl. þar sem óskað er umsagnar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu við ofangreint frumvarp.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu styðja þá breytingu sem gerð er á tollafgreiðslugengi enda núverandi fyrirkomulag úrelt og tímabært að uppfæra það í takt við nýja tíma. Ekki eru gerðar athugasemdir við að lögin séu uppfærð miðað við brotthvarf varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli.


Samtökin gera hins vegar athugasemdir við færslu valds frá ráðherra til tollstjórans í Reykjavík í mörgum greinum og biðja alþingismenn að ígrunda vel þær breytingar. Sérstaklega á þetta við um 10. gr. og 12. gr. Með a-lið 10 gr. er verið að breyta 2. tl. 94 gr. laganna þar sem segir “Ráðherra getur bundið leyfi samkvæmt þessari grein þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til þess að tryggja fullnægjandi tollefirlit. Eftir breytinguna mun þetta hljóma *“Tollstjórinn í Reykjavík getur bundið leyfi samkvæmt þessari grein þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynlegt til þess að tryggja fullnægjandi tollefirlit.”* Hér er verið að gefa tollstjóranum í Reykjavík opna heimild til að ákveða reglurnar sjálfur - hvaða kröfur megi gera til fyrirtækja í ákveðinni starfsgrein. Með b-lið 10. gr. er valdið til að afturkalla leyfi alfarið fært í hendur tollstjórans í Reykjavík frá ráðherra. Það sama á við um 12. gr.

Það er víðtækt vald sem framkvæmdavaldið ætlar með þessu að færa undirstofnun sinni og það ber að ígrunda vandlega hvort það sé heppilegt. Starfsumhverfi atvinnugreina mótast m.a. mjög af því laga- og reglugerðarumhverfi sem þær búa við. Þó að sjálfsgt sé að hlusta á málflutning ríkisstofnana jafnt og hagsmunaaðila þegar frumvörp eru samin þá eru bein áhrif ríkisstofnanna að ráðuneytum og allt að því gagnrýnislaus sjálfvirkni löggjafans við afgreiðslu stjórnarfrumvarpa eitt af alvarlegustu vandamálum sem flutningagreinin, og e.t.v. aðrar atvinnugreinar búa við. SVP hafa áður gert athugasemdir við Efnahags- og viðskiptanefnd vegna afgreiðslu Alþingis á frumvarpi til breytinga á tollalögum og ítreka sama mál hér. Það er augljóst af breytingum sem gerðar hafa verið á tollalögum síðustu misserin að embætti tollstjóra hefur átt mjög greiða leið í gegnum íslenska stjórnskipan til að ná fram breytingum á lagaumhverfinu sér í hag. Tollstjórinn í Reykjavík er opinber stofnun með víðtækar valdheimildir gagnvart sínum skjólstæðingum. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er verið að færa valdið frá ráðuneyti til tollstjóra í mörgum greinum. Það er augljós þörf á að brýna

alþingismenn á að veita fyrirtækjum sem undir löggin heyra líka ákveðna vernd. Það verður aldrei sagt of oft að íslensk lög eiga ekki einungis að tryggja hagsmuni íslenska ríkisins, - íslensk lög eiga að gæta hagsmuna íslensks samfélags. Einhliða sjálfvirk lagasetning, þar sem stjórnáslustofnanir eiga greiða leið í gegnum löggjafann en ekki er hlustað á hagsmunaaðila er ekki góð lagasetning.

Hér verður ekkert fullyrt um að þessar breytingar allar um færslu valds frá ráðuneyti til tollstjóra séu vöndar heldur einungis beðið um að slíkt sé ekki samþykkt af löggjafanum án vandlegrar skoðunar. Hér er ástæða til að skoða starfsumhverfi annarra landa og taka mið af því. Starfsumhverfi þeirra atvinnugreina sem undir tollalögin heyra þarfnast málsvara á Alþingi.

Virðingarfyllt



Signý Sigurðardóttir
forstöðumaður flutningasviðs